18. TBL. ÁGÚST 2021

SSNE FRÉTTABRÉF

FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK @SSNE_NORDURLAND_EYSTRA

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

ALMENNINGSSAMGÖNGUR Á AUSTURSVÆÐINU

Almenningssamgöngur frá Húsavík og austur til Þórshafnar hafa ekki verið til staðar frá árinu 2017 en þá gekk leið 79 á milli Akureyrar og Þórshafnar með viðkomu á Húsavík, Ásbyrgi, Kópaskeri og Raufarhöfn. SSNE fékk úthlutað styrk árið 2020 úr aðgerð A.10 í stefnumótandi byggðaáætlun til að kanna möguleika á að endurvekja þessa leið með því að skoða hvort samnýta megi póst- og farþegaflutninga.



Reglulegar og tryggar samgöngur eru grunnskilyrði viðvarandi byggðar- og atvinnuuppbyggingar. Með því að tengja þessa byggðakjarna saman eykst aðgengi og jafnræði íbúa ásamt því að auka möguleika rekstraraðila í ferðaþjónustu á að beina ferðamönnum meira á svæðið.

Norðausturhornið er það svæði á landinu þar sem skóinn kreppir hvað mest að, þegar litið er til almenningssamgangna. Þá má ekki líta framhjá því að fjölmargir íbúar þurfa að sækja sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu til Húsavíkur og Akureyrar, þannig að almenningssamgöngur gegna einnig öryggishlutverki.

Unnin hafa verið drög að skýrslu sem gerð verður opinber í september og niðurstöður kynntar. Íbúakönnun var framkvæmd á vormánuðum og kemur það glögglega í ljós að íbúar telja mikla þörf á almennissamgöngum þá sér í lagi þegar litið er til tenginga við flugsamgöngur, framhaldsskóla og heilbrigðisþjónustu.



Í aðgerðaáætlun Íslands í loftlagsmálum 2018-2030 er ein af aðgerðunum að efla almenningssamgöngur og deilihagkerfi í samgöngum. Því er afar mikilvægt að taka verkefni sem þetta til ýtarlegrar skoðunar þar sem litið er til þarfa íbúa ekki síður en ferðamanna. SSNE vinnur áfram að verkefninu í samvinnu við Vegagerðina.

Verið er að vinna að áframhaldandi verkefni sem fæli í sér prufukeyrslu á þessum leiðum auk þess sem sótt verður um frekari styrki úr A.10 aðgerðar í stefnumótandi byggðaáætlun.

NORÐANÁTT

Samstarfsverkefnið Norðanátt er hreyfiafl sem miðar að því að skapa kraftmikið umhverfi á Norðurlandi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Norðanátt samanstendur af viðburðum sem styðja við frumkvöðla með hugmyndir á ólíkum stigum. Fyrsti viðburðurinn er Vaxtarrými sem fer fram í haust miðar að því að efla þau fyrirtæki sem eru nú þegar komin af stað. Í byrjun næsta árs fer fram vinnusmiðja sem styður við bakið á frumkvöðlum á fyrstu stigum og verður hún auglýst í nóvember. Í framhaldinu verður haldið stefnumót fjárfesta á Norðurlandi þar sem fjárfestar og frumkvöðlar koma saman og kynnast öflugri nýsköpun og fjárfestatækifærum á svæðinu.

Að verkefninu Norðanátt koma Eimur, SSNV, SSNE, Nýsköpun í norðri og RATA. Hópurinn vinnur í anda nýrrar klasastefnu, þvert á stofnanir samfélagsins og hraðar framþróun og nýsköpun.

Hér má skoða dagskrá og upplýsingar um skráningu í Vaxtarrými

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Verkefnið ***Allra veðra von*** – nýsirkussýning sem íslenska sirkusfélagið Hringleikur hefur verið að sýna og þróa hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2020. Starfsmaður SSNE fékk Eyrúnu Ævarsdóttir úr leikhópnum til að segja okkur nánar frá verkefninu.

Veður og umhverfi á hverjum sýningarstað fær virkt hlutverk í sýningunni
,,Við í sirkushópnum Hringleik vorum að leita leiða til að sýna og þróa frekar sirkuslistir á Íslandi. Sköpunar- og sýningarrými sem henta sirkuslistum, sérstaklega fyrir loftfimleika og akróbatík, eru því miður af skornum skammti á Íslandi. Okkur datt þá í hug að láta reyna á að setja upp sýningu utandyra, þar sem er nóg pláss, en þurfum þá að sjálfsögðu að takast á við íslenska raunveruleikann sem felst í veðrinu og þar kviknaði hugmyndin að sirkussýningu sem fjallar um veðrið. Veðrið og umhverfið á hverjum sýningarstað fær virkt hlutverk í sýningunni og það sem okkur finnst mest spennandi við þetta verkefni er að sýninguna má setja upp hvar sem er á landinu, óháð aðstöðu fyrir hefðbundið leikhús", segir Eyrún.

Aðspurð segir Eyrún að tilgangur verkefnisins sé annars vegar að kynna áhorfendum á öllum aldri víðsvegar um landið fyrir sirkuslistum og þá sérstaklega nýsirkus, með sirkussýningum og námskeiðum og hins vegar að búa til áhrifaríka upplifun sem er sambland menningarviðburðar og útivistar, sem hvetur fólk til að velta fyrir sér sambandi okkar við náttúruna. ,,Við vonum svo sannarlega að þetta verkefni opni á umræður og vangaveltur um hvernig við getum lifað með veðrinu og náttúrunni. Veðrið hefur mjög mikil áhrif á okkur hérna á Íslandi og núverandi framtíðarsýn bendir til þess að það muni aukast frekar, og því finnst okkur mjög mikilvægt að taka upp jákvæða umræðu um viðhorf til náttúrunnar gegnum listir og skapandi starf og hvernig við tengjumst náttúrunni á persónulegan og skapandi hátt”, segir Eyrún.

Frumkvöðlar í sirkuslistum
Eyrún segir að sýningin sé nýsirkussýning og ein af þeim fyrstu sem framleiddar eru hér á landi. ,,Við viljum leggja mikið upp úr því að skoða hvaða farveg sirkuslistir geta fundið sér hér á Íslandi. Nýsirkus er listgrein þar sem sirkusgreinarnar, s.s. loftfimleikar, djöggl, jafnvægislistir eða akróbatík eru teknar út fyrir hefðbundinn atriðaramma og notaðar með listrænum hætti, til að tjá tilfinningar, sögu eða hugmyndir, eins og aðrar sviðslistir gera." Hópurinn er nú að skipuleggja heljarinnar sýningarferðalag um landið næsta sumar í samstarfi við Körnu Sigurðardóttur verkefnastjóra, en Allra veðra von hefur verið á ferðinni í júní, júlí og ágúst með sýningar í samvinnu við leikstjórann Agnesi Wild, búningahönnuðinn Evu Björgu Harðardóttur og tónlistarkonuna Sigrúnu Harðardóttur.

Sóknaráætlanir og sveitarfélög taka vel í verkefnið
Sóknaráætlanir og sveitarfélög hafa tekið verkefninu opnum örmum og er hópurinn með samstarfsaðila um allt land. Eyrún segir að hópurinn vonast til að verkefnið geti lagt grunn að eða styrkt virkt sirkusstarf sem víðast á landinu og að sirkussýningar og námskeið geti verið hluti af menningarflóru allra landshluta til frambúðar. ,,Stuðningur frá Uppbyggingasjóði hefur gert okkur kleift að framkvæma verkefnið með þeim hætti sem við óskuðum okkur, að koma með Allra veðra von á Norðarland eystra”, segir Eyrún.

Allra veðra von hlaut Grímuverðlaunin fyrir dans- og sviðshreyfingar ársins 2021 og við óskum hópnum til hamingju með það.
Nánari upplýsingar um Hringleik og hvað er í vændum hjá félaginu er að finna á www.hringleikur.is.

SSNE STYRKIR GERÐ SJÓNVARPSÞÁTTA UM NORÐAUSTURLAND

Að norðan

Í þáttunum *Að norðan,* sem framleiddir eru af og fyrir fjölmiðilinn N4, er heldur betur farið um víðan völl á Norðurlandi eystra. Verkefnið er eitt af áhersluverkefnum SSNE árið 2021 en markmið þess er meðal annars að auka enn frekar umfjöllun um atvinnu- og mannlíf á Norðurlandi eystra og auka upplýsingagjöf til landsmanna um landshlutann.

Við vekjum athygli að hægt er að horfa á þættina *Að norðan* bæði í sjónvarpi og á miðlum N4 á netinu.

Hér er hægt að horfa á alla þættina "Að norðan" á netinu.

Brot af því besta:

Íbúafjölgun og uppbygging Hörgársveitar
Kúluhús á Árskógssandi
Svalbarðseyrarviti 100 ára
Útgerðaminjasafnið á Grenivík
Melhús í Þingeyjarsveit
Skargripir úr mannshári
Matarskemman á Laugum
Hriseyjarbúðin
Gunnubúð - Raufarhöfn
Spennandi tímar í Mývatnssveit
Vetrarparadísin Dalvíkurbyggð
Samfélag fjölbreytileikans
Nýsköpun í norðri

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SKRIFA STYRKUMSÓKN?

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á styrki til að sækja sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum. Markmiðið er annars vegar að **fjölga umsóknum af svæðinu** og hins vegar að **hækka árangurshlutfall umsókna** af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021.

Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hér finnur þú frekari upplýsingar.

STYRKIR HAUST 2021

Nú er styrkjavertíðin hafin og er fjölbreytt svið styrkja sem hægt er að skoða og sækja um. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Hægt er að bóka viðtal við ráðgjafa á ssne@ssne.is

- **Hljóðritasjóður / 15. september 2021 kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Tónlistarmenn, jafnt einstaklinga sem hljómsveitir, útgáfufyrirtæki og aðra er koma að hljóðritun tónlistar.
  - **Til hvers:** Hljóðritasjóður veitir styrki til hljóðritunar nýrrar, frumsamdrar tónlistar sem stuðla á að nýsköpun. Veittir eru styrkir í almenn verkefni og þróunarverkefni.

- **Tækniþróunarsjóður - Vöxtur, Sprettur / 15.september 2021 kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Lítil og meðalstór fyrirtæki.
  - **Til hvers:** Vöxtur er ætlaður til að styrkja þróunarverkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar. Sprettur er öndvegisstyrkur innan Vaxtar.

- **Tækniþróunarsjóður - Sproti / 15.september kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Ung nýsköpunarfyrirtæki og frumkvöðla.
  - **Til hvers:** Til að styðja við verkefni á byrjunarstigi.

- **Tækniþróunarsjóður - Markaðsstyrkur / 15. september 2021 kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Markaðsstyrkur er eingöngu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem verja að lágmarki 10% af veltunni til rannsókna- eða þróunarstarfs samkvæmt síðasta reikningsári.
  - **Til hvers:** Hægt er að sækja um styrk vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða fyrirtækisins sem tengjast sókn á markaði.

- **Rannís - Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna / 1. október 2021 kl: 23:59**
  - **Fyrir hverja:** Fyrirtæki sem eru eigendur rannsókna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.
  - **Til hvers:** Fyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu Rannís á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti skv. lögum nr. 152/2009. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út.

- **Listamannalaun / 4. október 2021**
  - **Fyrir hverja:** Sjálfstætt starfandi hönnuði, myndlistarmenn, rithöfunda, sviðslistafólk, tónlistarflytjendur og tónskáld.
  - **Til hvers:** Að efla listsköpun í landinu. Alþingi veitir árlega fé af fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við lög.

- **Sviðslistasjóður / 4. október 2021 kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Atvinnusviðslistahópa.
  - **Til hvers:** Veittir eru styrkir til einstakra verkefna.

- **NORA samstarfsverkefni / 4. október 2021**

- **Æskulýðssjóður / 15. október 2021**
  - **Fyrir hverja:** Börn og ungmenni, á aldrinum 6-25 ára. (Allir sem eru í forsvari fyrir æskulýðsfélög og æskulýðssamtök geta sótt um styrk úr sjóðnum).
  - **Til hvers:** Auka möguleika æskulýðsfélaga og samtaka á að bjóða fjölbreyttari starfsemi fyrir félaga sína.

- **Sóknarstyrkir / 20. október 2021**
  - **Fyrir hverja:** Stofnanir, fyrirtæki, vísindafólk og fræðimenn sem sækja um í alþjóðlega rannsóknasjóði. Forgangur er veittur þeim sem sækja um í Horizon Europe rannsókna- og nýsköpunaráætlun ESB, en mögulegt er að styrkja annað samstarf samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.
  - **Til hvers:** Til undirbúnings umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði, einkum Horizon 2020.

- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða / auglýst í byrjun október**
  - **Fyrir hverja:** Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.
  - **Til hvers:** Annars vegar vegna (nýrrar) þjónustu/aðstöðu á ferðamannastað / ferðamannaleið. Hins vegar vegna úrbóta vegna náttúruverndar og/eða öryggis á ferðamannastað eða ferðamannaleið.

- **Uppbyggingasjóður Norðurlands eystra / auglýst í október**

- **Tónlistarsjóður / 1. nóvember 2021 kl: 15:00**
  - **Fyrir hverja:** Tónlistarfólk, hljómsveitir, kóra og aðra er koma að tónlistarflutningi.
  - **Til hvers:** Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, en markaðs- og kynningardeild veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarfólki hér á landi og erlendis.

Hægt er að sækja um styrk hjá SSNE til að standa straum af kostnaði vegna styrkumsóknarskrifa.
Hér er hægt að fá frekari upplýsingar.

NÝR VERKEFNASTJÓRI VELFERÐARTÆKNIMIÐSTÖÐVAR

SSNE tók ákvörðun að styrkja Heilbrigðis- og velferðartækniklasa Norðurlands um 10 milljónir kr.

Unnið hefur verið að undirbúningi þessa klasa um nokkurt skeið. Hugmyndafræði klasa sem þessa byggist á því að skapa vettvang þar sem ólíkir hagsmunaaðilar koma saman og vinna sameiginlega að verkefnum. Í þessu tilfelli er verið að beina sjónum að heilbrigðis- og velferðarmálum og horft til þess að nýta nýsköpun og tækninýjungar til að auka og bæta þjónustu í heilbrigðis- og velferðarmálum til hagsbóta fyrir samfélagið. Stefnt er einnig að samvinnu við önnur heilbrigðisumdæmi og þá er einnig hugmyndir uppi um aukna samvinnu á norðurslóðum í þessum málum. SSNE hefur þarna með framsýni stutt við málefni sem vonandi á eftir að vaxa og dafna.

Perla Björk Egilsdóttir hefur verið ráðin til starfa sem verkefnastjóri klasans. Stjórn klasans átti sinn fyrsta staðarfund að þessu tilefni 26. ágúst sl., þar sem Perla var boðin velkomin til starfa.

Einnig var undirritaður samningur við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um styrk úr Lóunni, nýjum sjóði fyrir nýsköpun á landsbyggðinni þar sem Heilbrigðis- og velferðartækniklasinn fékk 10 milljónir kr. í sinn hlut.

HEIMSÓKN SENDIHERRA EVRÓPUSAMBANDSINS

Í mánuðinum tók SSNE á móti sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi þeim Lucie Samcová-Hall Allen sendiherra ásamt Klemens Þrastarsyni upplýsingafulltrúa sendinefndar ESB á Íslandi. Þau fengu stutta kynningu á starfi og verkefnum SSNE og voru einnig möguleikar svæðisins ræddir t.d. sem ákjósanlegur búsetukostur fyrir íbúa Evrópusambandsins og til fjárfestinga.

Klemens Þrastarson upplýsingafulltrúi, Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE, Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE og Lucie Samcová-Hall Allen, sendiherra.

NÝR VERKEFNISSTJÓRI GLÆÐUM GRÍMSEY

Arna Björg Bjarnadóttir

Arna Björg Bjarnadóttir er nýráðinn verkefnisstjóri Glæðum Grímsey en nýverið var ákveðið að framlengja verkefnið til ársloka 2022.

Hvað finnst vakti áhuga þinn á þessu starfi, verkefnastjóri fyrir Glæðum Grímsey?
Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á byggðaþróun og vann mörg verkefni henni tengdri í mínu háskólanámi. Áður en ég flutti til Akureyrar var ég formaður Samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps en þar unnum við að hluta til eftir módeli brothættra byggða með afar góðum árangri. Ég sé tækifæri í Grímsey, annars hefði ég ekki tekið starfinu.

Hverja telur þú vera helstu styrkleika landshlutans og landsbyggðanna almennt?
Ég tel styrkleika þessa landshluta felast í þeirri nýsköpunarvakningu sem hér er að eiga sér stað. Tækifærin eru næg og nýsköpun er lykilinn að því að þau séu nýtt. Ég vænti þess að á næstu árum eigum við ekki eingöngu eftir að sjá ný öflug sprotafyrirtæki spretta upp, heldur einnig rótgróin fyrirtæki leggja áherslu á öflugt nýsköpunarstarf. Samhliða þessu vænti ég þess að rannsókna- og vísindastarf eflist til muna og við sjáum aukna þátttöku landshlutans í alþjóðlegum verkefnum. Minn draumur er að landsbyggðir annarra þjóðlanda geti síðar horft til Íslands og sagt; ,,Sjáið hvernig þeir gerðu þetta á Íslandi. Á Íslandi var farið í nýsköpunarátak á landsbyggðunum með stórkostlegum árangri. Lærum af þeim." Ég gæti haldið langa tölu um þessa sýn mína og aðferðafræðina á bak við hana en hún rúmast ekki í þessu stutta spjalli hér.

Hvernig myndir þú lýsa þér? *Ég hef alltaf upplifað mig sem uppfulla af andstæðum. Ég elska slark og að hafa skít undir nöglunum en líka háa hæla og fallega kjóla. Ég er mjög skapandi en er líka excelmanneskja. Þá er ég félagslynd en líka mikill einfari og svona mætti áfram telja.*

Hvernig væri fullkomin helgi að þínu mati og hvað tekur þú alltaf með þér í ferðalög? *Hestaferð upp á hálendi með stórt hestastóð, gista í fjallaskálum, símsambandslaus og í góðum félagsskap. Tek alltaf vasahníf í ferðalög.*

Hver er þín fyrirmynd? *Ég hef raunar aldrei átt mér neina eina fyrirmynd, nema þá helst ömmu Boggu. Amma hafði einstakt lag á að sjá fegurðina og gleðina í öllu í kringum sig. En síðan er margt fólk sem ég tek mér til fyrirmyndar í einu og öðru.*

ÓSKARSTÖÐ Á RAUFARHÖFN

Óskarstöðin á Raufarhöfn hefur gegnið í endurnýjun lífdaga. Snorri F. Hilmarsson hefur unnið hörðum höndum að því undafarin ár að bjarga Óskarstöðinni og endurbyggja. Segja má að nú í dag sé húsið aftur orðið staðarprýði á Raufarhöfn og er það mikið gleðiefni. Húsið er svo gott sem tilbúið að utan en ennþá eru mörg handtök eftir inni.

Myndlistanámskeið á Melrakkasléttu

Myndlistaskólinn í Reykjavík stóð fyrir áhugaverðu námskeiði dagana 9.-13. ágúst. Þátttakendur fengu innsýn í menningu, sögu og samfélag Melrakkasléttu og sjónum aðallega beint að gróðri jarðar, fjörunni vötnum, lónum og dýralífi. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Rannsóknastöðina Rif og Heimsenda, menningarfélag Óskarsbragga með tilstyrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Hér fyrir neðan má sjá þær breytingar sem orðið hafa á Óskarstöðinni, fyrir og eftir endurbyggingu.

HVERNIG GETUR NÝSKÖPUN Í DREIFÐUM BYGGÐUM BREYTT FRAMTÍÐ HEIMSINS?

Dagana 20. – 21. ágúst fór fram vinnustofan "Tunglskotin heim í hérað". Um var að ræða vinnustofu fyrir þátttakendur í nýsköpunarumhverfi landsbyggðanna og var hún haldin í Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi.

Vinnustofan er hluti af verkefni sem hlaut styrk úr Markáætlun vegna samfélagslegra áskorana 2020 á vegum Rannís. Verkefnið ber yfirskriftina „Að rækta vistkerfi nýsköpunar í dreifðum byggðum“. Vinnustofunni var ætlað að opna á samtal milli þeirra aðila sem koma að nýsköpun í dreifðum byggðum, þ.e. stuðningsumhverfisins - opinberra jafnt sem einkaaðila, frumkvöðla, rannsakenda og uppfræðara. Alls komu saman 26 einstaklingar með mikla þekkingu, reynslu og visku. Silja og Anna Lind, verkefnastjórar, fóru á vinnustofuna fyrir hönd SSNE.

Markmið vinnustofunnar var að finna leiðir til að styðja við vistkerfi nýsköpunar um allt land og greina stoðkerfið. Niðurstöður leiddu meðal annars í ljós þrjú þemu; að efla frumkvöðla frá unga aldri, styrkja ímynd samfélags inn á við og að efla stoðkerfið. Niðurstöðurnar voru teknar teknar upp í viðtalsformi sem verður birt á næstunni.



NÝ STARFSSTÖÐ SSNE Á TRÖLLASKAGA

SSNE opnaði nýlega í fyrsta sinn starfsstöð á Tröllaskaga, nánar tiltekið á Ólafsvegi 4, Ólafsfirði. Starfsstöðin var formlega opnuð 18.ágúst og voru viðstaddir bæjarstjórar og bæjarfulltrúar Dalvíkur- og Fjallabyggðar auk starfsfólks og stjórnarformanns SSNE. Starfsstöðin á Tröllaskaga er samstarfsverkefni SSNE, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar. Nýráðinn verkefnastjóri er Anna Lind Björnsdóttir en hún er einnig með viðveru á Dalvík einu sinni í viku í Ráðhúsinu. Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar fagnar samstarfi SSNE og sveitarfélaganna á Tröllaskaga:

„Við komum til með að nýta SSNE meira til samráðs og samvinnu og hlökkum til aukins samstarfs og samtals á svæðinu.”

SSNE þakkar þeim sem voru viðstaddir kærlega fyrir komuna og skemmtilegar umræður og við hlökkum til samstarfsins framundan. Myndin er tekin við opnun starfsstöðvar.

STARFSDAGUR SSNE

Myndir: Sesselja Barðdal

Starfsdagur SSNE var haldinn á Hótel KEA 23.ágúst og var það í fyrsta skipti sem allir nýju starfsmenn SSNE hittust í raunheimum en talsverðar mannabreytingar hafa verið hjá samtökunum síðastliðna mánuði. Það reyndi á hugmyndaflug starfsmanna sem fengu að kynna sig á skapandi hátt með aðstoð trékubba og þar með var grunnurinn lagður að góðu samstarfi með aukinni innsýn inn í persónugerð og styrkleika allra. Þessi skapandi leikur var í boði Eims en Sesselja Barðdal og Gunnar Orri Ólafsson komu og kynntu einnig helstu verkefnin sem Eimur er að vinna að.

Dagskráin var að venju fjölbreytt en snéri að miklu leyti að innra starfi samtakanna sem nú hafa skrifað og samþykkt siðareglur, persónuverndarstefnu og starfsmannahandbók auk þess sem farið var yfir þann árangur sem náðst hefur í sérstöku átaki til að auka sýnileika SSNE út á við en tæpt ár er síðan samskipta- og kynningaráætluninni var ýtt úr vör. Fyrir liggur að bæta um betur með því að gera helstu upplýsingar samtakanna aðgengilegar á ensku en allt tengist það aukinni áherslu á fjölmenningu í landshlutanum eins og um var rætt á síðasta ársþingi SSNE. Það ríkti ánægja og bjartsýni yfir öllum þegar deginum lauk með menningarlegu ívafi á sýningu Erró á Listasafninu og kaffi á Ketilkaffi.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Á ársþingi SSNE í apríl var lagt til að fyrra aukaþing verði haldið 24. september. Síðar kom í ljós að kosið verður til Alþingis næsta dag, 25. september. Stjórn SSNE fjallaði um málið á fundi sínum 11. ágúst og ákvað að aukaþingið skuli haldið viku seinna en upphaflega var ráðgert, eða 1. október 2021. Með tilliti til stöðu heimsfaraldursins og sóttvarnarreglna er gert ráð fyrir rafrænu þingi.

Enn og aftur vil ég leggja áherslu á hið mikilvæga hlutverk þinga SSNE en þau fara með æðsta vald landshlutasamtakanna og þingunum er ætlað að tryggja lýðræðislega aðkomu allra aðildarsveitarfélaga að málefnum SSNE og vera vettvangur fyrir ákvarðanatöku um mikilsháttar málefni. Allir einstaklingar og lögaðilar sem eiga lögheimili á starfssvæði SSNE eiga rétt til setu á þingunum. Einnig eiga fjölmargir málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. gr. samþykkta SSNE sem finna má á heimasíðu okkar. Ég skynja áhuga á starfsemi og skipulagi SSNE og hefur fólk komið að máli við mig og/eða sent mér pósta þar sem vakið er máls á þeim efnum. Ég fagna málefnalegri umræðu um starfsemina okkar og hvet alla þá sem vilja hafa áhrif að nýta þing SSNE, það er góður vettvangur til að eiga samtal um þessi mál og hafa áhrif.

Starfsfólk SSNE hélt starfsdag mánudaginn 23. ágúst, eins og áður hefur komið fram. Það er dýrmætt fyrir vinnustaðinn og starfsfólkið að hafa slíkan vettvang til að hittast í raunheimum, fara yfir sameiginleg viðfangsefni og eiga gæðastund með vinnufélögunum. Þrátt fyrir mikið og skilvirkt samstarf og samtal á Teams er ekkert sem kemur í staðinn fyrir það að hittast í raunheimum, gefa sér tíma til að spjalla og vinna saman í nálægð.

Á 28. fundi stjórnar SSNE 11. ágúst sl. lagði framkvæmdastjóri fram drög að siðareglum fyrir starfsfólk SSNE sem og drög að persónuverndarstefnu. Stjórn fjallaði um þessi mikilvægu skjöl og samþykkti með smávægilegum breytingum. Hægt er að kynna sér siðareglurnar og persónuverndarstefnuna á heimasíðu okkar.

12. maí s.l. stóðu landshlutasamtök sveitarfélaga fyrir málstofu um fjölmiðla og landsbyggðir þar sem m.a. var fjallað um vægi og birtingarmynd íbúa landsbyggðanna í frétta- og dagskrárefni, mikilvægi staðbundinna fjölmiðla, hlutverk og skyldur almannaþjónustumiðla gagnvart dreifðum byggðum og farið yfir dæmi frá norðurlöndu. Stjórn SSNE ræddi þessi mál á stjórnarfundi sínum og samþykkti eftirfarandi bókun sem send var til stjórnar RÚV og útvarpsstjóra:

„Stjórn SSNE skorar á stjórn og stjórnendur RÚV að bæta við svohljóðandi byggðaaðgerð í jafnréttisáætlun stofnunarinnar:

- ***Markmið****: Auka meðvitund frétta- og dagskrárgerðarmanna um búsetu viðmælenda*
- ***Aðgerð****: Skráning viðmælenda eftir búsetu í föstum þáttum og fréttum*
- ***Ábyrgð****: Dagskrárstjóri*
- ***Tímarammi****: Tölur fyrir hvern miðil birtar opinberlega á þriggja mánaða fresti".*

Það var stór áfangi og mikið gleðiefni að opna starfsstöð SSNE á Tröllaskaga. Ég hef ákveðið að vinna fyrsta mánudag í hverjum mánuði í starfsstöðinni okkar í Ólafsfirði, fyrsti vinnudagur minn þar verður 6. september næstkomandi. Almennt er ég miðvikudaga og fimmtudaga á Húsavík en hef einnig verið svo lánsamur að geta heimsótt starfsstöðvarnar okkar á Bakkafirði og Raufarhöfn þrátt fyrir takmarkanir vegna heimsfaraldurs. Loksins eru að skapast þær aðstæður að ég geti starfað í öllum starfsstöðvum SSNE, heimsótt hagaðila á starfssvæðinu sem ekki hefur verið unnt vegna samkomutakmarkanna og myndað þau tengsl sem eru svo mikilvæg fyrir samstarfið í landshlutanum. Við, starfsfólk SSNE, stefnum að tveggja daga ferð seinni hluta októbermánaðar á austursvæðið þar sem við ætlum að heimsækja sveitarfélögin, aðila í atvinnulífinu og fleiri hagaðila. Það er mikið tilhlökkunarefni hjá okkur og gott að geta framfylgt aðgerðaráætlun samskiptastefnu SSNE með markvissum hætti.

Með kærri kveðju
Eyþór Björnsson

Viðverutímar starfsmanna

Akureyri - Elva og Rebekka eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og á föstudögum til 14:00. Eyþór er á Akureyri 2 daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar mánudaga og þriðjudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hverrar viku. Verkefnastjórar Glæðum Grímsey (Arna) og Betri Bakkafjarðar (Gunnar) hafa einnig starfsaðstöðu á Akureyri.
Bakkafjörður - Gunnar Már er við mánudaga til miðvikudaga milli 9:00 - 15:00.
Dalvík - Anna Lind er við á þriðjudögum 9:00-15:00.
Grímsey - Arna Björg er með breytilega viðveru úti í Grímsey en er að jafnaði við á skrifstofu okkar á Akureyri mánudaga til miðvikudaga 10:00-15:00.
Húsavík - Silja, Ari Páll og Hildur eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og fös 9:00-14:00. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.
Ólafsfjörður - Anna Lind er við á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum 9:00-15:00 og á föstudögum 9:00-14:00. Eyþór er þar að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.
Raufarhöfn - Nanna Steina er við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:30.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna hér.